


Skipulag frá 2013 sem fellur úr gildi



#### HNITASKRÁ, VIÐMIÐUN ISN93

Nr. X=norður	Y=austur	Nr. X=norður	Y=austur
1) 511569,5	324372,7	8) 511719,6	324279,3
2) 511687,7	324336,4	9) 511711,5	324252,8
3) 511701,3	324380,7	10) 511566,4	324297,4
4) 511791,7	324359,8	11) 511721,4	324320,2
5) 511780,1	324312,9	12) 511730,9	324317,3
6) 511772,5	324315,2	13) 511728,1	324307,7
7) 511752,6	324269,2	14) 511718,5	324310,6

#### SKÝRINGAR

	Skipulagsmörk		Rotpró
	Bílastæði		Reitur fyrir neysluvatnsöflun
	Vegur		Kvöð um lagdir
	Athafnaplan		Hnitpunktar og nr.
	Dvalarsvæði		
	Byggingarreitur		
	Gönguleið		

#### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulag þetta hefur verið auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Deiliskipulagið var samþykkt í í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_ með athugasemdafrest  
til \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda  
þann \_\_\_\_\_



## MÝRDALSHREPPUR

ÁNINGARSVÆÐI VIÐ HJÖRLEIFSHÖFÐA  
Endurskoðað deiliskipulag - TILLAGA

MKV. 1:1000/A2  
UNNIÐ AF: PRS

DAGS. 19. desember 2023  
RÝNT: EBK

VERKFRANG: 16306-003  
SAMP: EBK



## Nýtt skipulag

### ALMENNT

Um er að ræða endurskoðun á *Deiliskipulagi fyrir áningarsvæði við Hjörleifshöfða*, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. Gildandi deiliskipulag var samþykkt þann 27. júní 2013 og tók gildi þann 11. apríl 2014. Skipulagið tekur til svæðis vestan Hjörleifshöfða á Myrdalssandi og er í landi Hjörleifshöfða L163026. Með endurskoðun þessari fellur eldra deiliskipulag úr gildi í samræmi við gr. 5.8.1 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Þar sem allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi er fallið frá kynningu skipulagslýsingar og vinnslutillögu.

Tilgangur breytingarinnar er að skapa svigrúm fyrir bættu aðstöðu ferðafólks með aðgengi að salerni, neysluvatni og vandaðri nestisaðstöðu ásamt tengingu við gönguleiðir, fjölgun bílastæða og bættri aðkomu.

Markmið deiliskipulagsins er að skapa aðlaðandi aðstöðu til áningar við Hjörleifshöfða sem mætir þörfum ferðamanna og útivistarfólks. Einnig er markmiðið að uppbyggingin falli sem best að landslagi og dragi úr ágangi á náttúruna.

Í Aðalskipulagi Myrdalshrepps 2021-2033 er svæðið skilgreint sem *afþreyingar- og ferðaþjónustusvæði AF14 - Hjörleifshöfði*. Þar er heimild fyrir áningarstað með nestisaðstöðu en ekki er gert ráð fyrir frekari byggingum. Einnig er á svæðinu *skógræktar- og landgræðslu svæði SL14* og *gönguleið* upp á höfðann frá áningarstaðnum. Aðliggjandi svæði er skilgreint sem *Landbúnaðarsvæði L4*, sem flokkast sem lélegt landbúnaðarland. Aðkomuleið að svæðinu er skilgreint sem *aðrir vegir* í gildandi aðalskipulagi. Samhlíða deiliskipulagsgerðinni er unnið að gerð óverulegrar breytingar á aðalskipulaginu, þar sem tilgreint er að heimildir á áningarstaðnum rúmi einnig salernisaðstöðu.

### SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagsvæðið er vestanvert við Hjörleifshöfða á Myrdalssandi. Aðkoma er um núverandi afleggjara frá Þjóðvegi 1 sem er tæpum 2 km norðan skipulagsvæðisins. Takmörkuð uppbygging hefur átt sér stað á áningarstaðnum. Þar er nú nestisbækkur og um 1.800 m<sup>2</sup> malarsvæði fyrir bílastæði. Skilti er við heimreið að áningarstaðnum.

Landið einkennist af sléttum söndum, sem eru settlög frá nútíma mynduð af framburði jökuláa. Megin vistgerð vestan Hjörleifshöfða er *L4.2 Auravist* sem hefur miðlungs vermdargildi. skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Innan skipulagsvæðisins myndar lúþina þéttar breiður og er megin vistgerð þar *L14.4 Ataskalúþina* sem hefur lítið vermdargildi. Við jaðar höfðans er að finna *L14.3 Skógrækt* en ofan við hana er *L10.1 Mosamávist* ríkjandi vistgerð sem einnig hefur lágt vermdargildi. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og engar minjar er að finna á svæðinu sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Fornleifastofnun Íslands ses. vann árið 2011 svæðisskráningu fornminja í Myrdalshreppi en skráningin samræmist ekki núgildandi kröfum Minjastofnunar Íslands. Fornleifaskráning vegna deiliskipulagsins hefur ekki farið fram. Engar þekktar fornminjar eða friðlýstar fornminjar er að finna á skipulagsvæðinu. Uppi á Hjörleifshöfða eru friðlýstar fornminjar.

Skv. gildandi aðalskipulagi býr öll byggð í Myrdalshreppi við hættu vegna eldgosa og flóða því samhlíða. Skipulagsvæðið er innan vatnshlötisins 103-624-R Hjörleifshöfðakvisi en vistfræðilegt ástand þess er mjög gott skv. Vatnavefsja.

### DEILISKIPULAGSBREYTINGIN

Skipulagsbreytingin felst í því að afmarkað er svæði fyrir dvalarsvæði við núverandi bílastæði og byggingarreitur fyrir salernishús skilgreindur innan þess. Einnig er skilgreindur reitur fyrir öflun neysluvatns með borun og kvaðir settar um lagnaleiðir. Fyrirkomulagi bílastæða er jafnframt breytt og þeim fjölga í 48 stæði fyrir fólkubíla, tvö stæði fyrir rútur, plan fyrir útleigubíla og tvö sérmerkt stæði við dvalarsvæði, auk þess sem gönguleiðir eru skilgreindar í samræmi við núverandi stöðu. Með breytingunni breytist lögun skipulagsvæðis en stærðin er sú sama eða 1,8 ha.

### SKILMÁLAR

Innan byggingarreits er heimilt að reisa eltt allt að 15 m<sup>2</sup> salernishúshús. Hámarkshæð byggingar er 3 m yfir aðliggjandi landi. Salerni skulu vera fjögur, þar af eitt sérmerkt þar sem miðað er við algilda hönnun.

Vanda skal frágang umhverfis salernishúsið en þar er heimilt að byggja upp verandi tvö sérmerkt bílastæði og tvö stæði fyrir rútur. Miða skal við algilda hönnun við þessi stæði.

Fella skal aðkomuveg og bílastæði að landi, vanda frágang og tryggja að þau leiði ekki til aksturs utan þeirra. Næst salernishúsi og dvalarsvæðum skulu vera minnst tvö sérmerkt bílastæði og tvö stæði fyrir rútur. Miða skal við algilda hönnun við þessi stæði.

Heimild er fyrir um 1.100 m<sup>2</sup> athafnaplani fyrir ferðaþjónustubíla. Leyfilleg er aðstaða fyrir útleigubíla þar sem boðið er upp á sérstakar ferðir, s.s. jeppaferðir og aðrar ferðir.

Vanda skal lýsingu og tryggja að hún valdi ekki sjónmengun. Lýsing skal útbúin hreyfiskynjum þannig að slökkt sé á lýsingu þegar enginn umferð er um svæðið. Skilti eru heimil á áningarstaðnum.

Innan reits fyrir neysluvatnsöflun er heimilt að bora eftir neysluvatni. Vanda skal allan frágang og tryggja að vatnsból spillist ekki.

Hreinsivirkí fráveitu skal staðsett sem næst bílastæði þar sem aðgengi er gott til eftirlits og viðhalds. Hreinsivirkí skal vera viðurkennt, í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og kröfur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Tryggja skal viðeigandi sorplíat við salernishús. Meðferð sorps skal vera í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

Rafmagn verður fengið frá rafstreng RARIK sem lagður verður meðfram núverandi afleggjara frá Þjóðvegi.

Gert er ráð fyrir 4 m breiðum bellum þar sem kvöð er um lagnir fyrir rafveitu og fráveitu. Einnig er gert ráð fyrir kvöð um vatnslagnir innan reits fyrir neysluvatnsöflun. Innan þessara svæða eru allar framkvæmdir háðar leyfi umráðanda viðkomandi veitilaga.

Ef fornminjar finnast við framkvæmd á svæðinu skal stöðva hana án tafar og tilkynna til Minjastofnunar Íslands, í samræmi við 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.

### UMHVERFISÁHRIF

Í mati á áhrifum skipulagsins eru metin líkleg áhrif þess á þá þætti umhverfisins sem gætu orðið fyrir áhrifum og stefna deiliskipulagsins borin saman við óbreytt ástand. Líklegir þættir eru náttúrufrarslegir þættir, fornminjar, samgöngur, samfélag og landslag og ásjúnd.

Svæðinu hefur þegar verið raskað og gróður einkennist af lúþinu. Engar jarðmyndanir eða fornminjar eru þekktar á svæðinu og vistgerðir á svæðinu hafa lágt vermdargildi. Öflun neysluvatns er ekki líklegt til hafa áhrif á vatnshúskap og viðtaki fráveitu er ekki viðkvæmur. Það er því ólíklegt að stefnan hafi áhrif á náttúru og minjar.

Áhrif á samgöngur eru talin jákvæð. Ekki er gert ráð fyrir nýrri tengingu við Þjóðveg og bætt aðstaða ferðamanna er líklegt til að draga úr álagi við Þjóðveginn vegna stöðvunar bíla í vegköntum.

Uppbygging áningarstaðarins er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á samfélag, vegna bættrar aðstöðu fyrir ferðamenn, sem eftir getur undirstöðu ferðaþjónustu sem atvinnugreinar. Einnig verður aðstaða til útivistar bætt.

Á svæðinu er nú þegar áningarstaður og afleggjari að honum. Svæðið er lágt og sléttlent og vaxið lúþinu þannig að sýnileiki þess er lítill. Með vönduðum frágangi mun ásjúnd svæðisins batna.

Á heildina litið eru áhrif skipulagsins jákvæð en það byggir þó á því að farið verði að skilmálum skipulagsins.

Tekið hefur verið mið af niðurstöðum matsins við útfærslu skipulagsins.

Tafla – Mat á áhrifum

	Náttúra	Landslag og ásjúnd	Samfélag	Samgöngur	Fornminjar
Endurskoðað skipulag	0	+	+	+	?
Óbreytt ástand	0	0	0	0	0